

Lækjarás 30 ára

Lækjarás átti 30 ára afmæli 22.október. Búið var að halda uppá það í lok ágúst með opnu húsi. Við ákváðum svo að halda uppá það bara fyrir starfsmenn og notendur Lækjaráss og gerðum við það 27.október. Við fengum pening í gjöf frá ÖBÍ með skilyrðum um að nota hann í eitthvað skemmtilegt. Niðurstaðan var að fá Pál Óskar til að koma og syngja fyrir okkur. Hann var frábær og skemmtu allir sér mjög vel og var peningunum vel varið. Þegar Páll Óskar var búinn að syngja gæddum við okkur á kökum og konfektum. Hér fyrir neðan má sjá myndir úr afmælinu.



Páll Óskar og Ásgeir gítarleikari



Allir skemmtu sér vel á tónleikunum



Hann heillaði dömurnar uppúr skónum



Afmælissöngurinn var sunginn með aðstoð Bubba sem notaði tákni



Flottir !!



Stýrnarnar og Páll Óskar



Matsalurinn var fagurlega skreyttur



Þétt setinn matsalur



Glæsileg afmælisterta sem Katla starfsmaður bakaði